

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



Jón Kristjánsson

Veiðigildirur til notkunar  
í ám og vötnum.

Fjölrit nr. 30

Reykjavík  
1981

## SILUNGAGILDRUR

Gildra er föst veiðivél til notkunar í silungsvötnum. Hún veiðir silung og geymir hann lifandi uns hún er tæmd. Í meginatriðum er gildran sem hér segir. Netveggur, leiðari, liggur frá landi út í sjálfa veiðivélina, gildruna. Leiðarinn er um 50m langur, og þegar fiskur kemur að honum beygir hann og syndir annað hvort að eða frá landi. Sá fiskur sem syndir frá landi kemur að gildrunni ( sjá mynd ) og syndir inn í hana. Fiskur sem kemur að hindrun hefur tilhneygingu til að synda í hringi, og gildran er þannig gerð að fiskurinn leiðist stöðugt innar í hana og syndir loks inn í trekt sem liggur inn í svokallað fiskihólf. Þaðan kemst hann ekki út aftur, vegna þess að op trektarinnar er í miðju kassans, miðja vegu milli botns og þaks hólfins, en fiskurinn gerir yfirleitt tilraunir til að komast undan, með því að leita útgöngu í hornum fiskihólfsins, niður við botn eða upp við þak. Ef gat er á gildrunni á þessum stöðum finnur fiskurinn mjög fljótlega útgönguleið þar í gegn.

Veiðimálastofnunin hefur reynt svona gildrur í nokkur ár, þó í smáum stíl. Reynslan hefur sýnt að hún hentar best í grunnum vötnum þéttsetnum fiski, eða á þeim stöðum í vötnum þar sem fiskur safnast til hrygningar eða gengur þétt af öðrum orsökum. Veiðin er mjög misjöfn. Sumstaðar hefur ekkert fengist og er erfitt að segja hvað veldur. Annarsstaðar hefur veiði verið jöfn og drjúg, 20-100 fiskar á dag að jafnaði, eins og t.d. í Austara-Friðmundarvatni á Auðkúluheiði. Það vatn er ekki nema um 1m á dýpt, mjög þéttsetið bleikju. Eitt árið veiddust þar tæplega 7000 bleikjur í eina gildru. Mesti aflí sem vitað er um kom eftir eina nótt á hrygningarstað í Meðalfellsvatni, en þá veiddust eina nóttina 900 bleikjur og 12 laxar. Yfirleitt er þó aflí minni, t.d. hefur gildran verið notuð nú þrjú sl. haust til merkinga í Elliðavatni og hefur verið úti í um mánaðartíma. Aflinn hefur verið 3-500 fiskar á vertíð, og suma dagana var ekkert í. Ástæðan var oft sú að gildran hafði slaknað, eða afstaða vængjanna hafði breyst. Eins var hún stundum mjög slýug, og þá veiðir hún illa. Mjög misjafnt er hvernig gildran veiðir eftir veðri. Hún veiðir illa í logni, en því verra sem veðrið er, og því meira sem vindur og öldugangur stendur á henni, þeim mun betur veiðir hún.

Einu sinni var gildra í Stóra-Fossvatni í Veiðivötnum, en þar er eingöngu urriði, Hún var búin að vera úti í u.þ.b. viku og lítið sem ekkert veitt. Svo gerði slagveður sem stóð beint á land þar sem gildran var. Eftir rokið var hún full af fiski. Vegna alls þessa er nauðsynlegt að menn hafi þolinmæði til þess að gildra verði fullreynd, fylgist vel með henni, lagi hana og jafnvel færi til ef illa gengur. Einnig má reyna að setja venjulegt lagnet við gildruna til þess að sjá hvort fiskur sé yfirleitt á ferðinni.

### MEDHÖNDLUN GILDRUNAR

Þegar leggja skal gildruna er byrjað á því að útbúa þrjá stjóra. Þeir þurfa að vera nokkuð veglegir, sérstaklega sá sem er í endanum, því hann þarf bæði að halda gildrunni og leiðaranum, hvernig sem veður er. Fyrst er endastjórinn settur upp í bátinn með tilheyrandi tói og bóli fullfrágengnu og föstu við gildruna. Þá er gildran tekin um borð, vængirnir með tilheyrandi stjörum, tóum og bólum eru lagðir sitt hvorum megin við gildruna. Næst er leiðarinn festur við gildruna, og tekinn um borð og passað að hann sé vel klár, og ekki komi á hann snúningur. Leiðarinn er festur við stein í fjörunni. Nú er allt klárt til þess að byrja að leggja. Þá er allt gert í öfugri röð:


Bátinum er róið frá landi og leiðarinn gefinn út jafnóðum. Þegar kemur að gildrunni er fyrst settur út annar vængstjórinn, síðan vængurinn og duflið, þar næst hinn vængstjórinn duflið og vængurinn. Þegar þetta er komið í sjó, sitt hvoru megin við bátinn er sjálf gildran sett út, en ekki stjórinn. Þegar gildran er öll í sjó, er róið áfram með stjórann í beina stefnu frá gildrunni þangað til öll línin ( 30-40m ) er komin út og bólið í lásinn. Þá fer stjórinn út. Síðan er róið að endabólinu og gildran strekkt eins og hægt er og sett fast. Þar næst eru vængstjórarnir teknir um borð, einn í einu, róið með stjórann á tamp og hann settur niður þannig að hæfilegt horn myndist milli vængs og leiðara. Þegar vængirnir hafa verið strekktir er farið að gildrunni og athugað hvort hún liggi rétt, og vængstjórar fluttir eða lagfærðir ef með þarf.


Þegar vitjað er um, er slakað 2-4m á endastjóranum, línin sett yfir bátinn, báturinn togaður að gildrunni, fiskhólfið tekið upp í bátinn, leyst frá pokanum og fiskinum hleypt út.

Að þessu loknu er endatíð strekkt aftur og gildran lagfærð ef með þarf. Ef um tilraunaveiði er að ræða, er nauðsynlegt að halda skýrslu yfir afla í hverri umvitjun og um veður á veiðitímabilinu.

Við og við er nauðsynlegt að hreinsa slý og dauðan fisk úr gildrunni og leiðaranum. Getur þá verið nauðsynlegt að taka veiðarfærið á land. Fiskur geymist í gildrunni hversu lengi sem vera skal, og er gildran því sérlega hentug á stöðum sem eru úr alfaraleið, eða þar sem lítill tími gefst til veiða. Hafa ber í huga að gildran er föst veiðivél og veiðir aðeins fisk sem "kemur til hennar". Þess vegna er ekki hægt að búast við að með henni sé hægt að ná verulegum árangri við grisjun í ofsetnum vötnum, því veiði minnkar eftir því sem gengur á fiskstofninn. Einnig er rétt að geta þess að fiskur í vötnum er mjög staðbundinn, svo þurft getur að færa gildurna úr stað þegar afli fer að minnka.







## ALMENNT UM GILDRUVEIDAR Í ÁM

Af ýmsum ástæðum er oft nauðsynlegt að geta fylgst með fiskigöngum um ár. Tilgangurinn getur verið vísindalegs eðlis, svo sem rannsóknir á göngutíma, stærðarsamsetningu ákveðinnar fiskgöngu, fjölda fiska, o.s.frv. Þessar upplýsingar eru gagnlegar þegar taka þarf ákvarðanir um með hvaða hætti fiskstofnar verði best nýttir, og til þess að geta mælt áhrif ýmissa ræktunaraðgerða á viðkomandi stofn. Í slíkum tilfellum er nauðsynlegt að geta fangað fiskinn ómeiddan. Til slíks eru notaðar svokallaðar gildirur er geta verið mjög mismunandi að gerð. Hér mun nokkrum gerðum verða lýst í sem stærstum atriðum, án þess að gefnar séu nákvæmar smíðateikningar. Hver og einn verður því að nota eigin hyggjuvit og miða við það efni sem tiltækt er á hverjum stað.

Fiskur er viðkvæmur fyrir hnjaski, sérstaklega sjógönguseiði. Því verður að gæta þess vel að allir fletir sem fiskur kemst í snertingu við séu vel sléttir. Best er að hafa fiskikassa og rennur úr vatnslímdum krossviði með álímdri plastfilmu. Fallristin sem síar seiðin úr vatninu þarf að vera slétt, og því er nauðsynlegt að slípa efra borð hennar áður en hún er sett niður. Gönguseiði sem ætlað er að lifa áfram meiga ekki vera lengi í fiskikassanum, hann þarf að tæma einu sinni til tvisvar á dag. Ekki má nota háf til þess að ná seiðunum úr kassanum því þá skaddast slímhimnan sem umlykur fiskinn og sveppagróður getur myndast í sárinu. Best er að hella úr kassanum eftir að seiðin hafa verið talin, og eigi að merkja þau verða öll ílát að vera slétt og gæta verður fyllstu varúðar. Mjög mikilvægt er að ekki sé ákveðinn straumur í fiskikassanum. Veggir hans þurfa að vera sem mest heilir, og netklædd op ekki höfð stærri en svo að nauðsynleg vatnaskipti geti farið fram. Laxakista þarf daglega gæslu, annars skaddast fiskurinn, og straumur í kistunni skal vera eins lítill og hægt er að komast af með

Um göngutíma gildir almennt að göngufiskur fer til sjávar fljótlega eftir að ísa leysir að vori. Þá fara til sjávar gönguseiði lax og sjógöngusilungur, hoplax, og úthryngdir urriðar og bleikjur svo og geldsilungar. Þessar göngur geta staðið mislengi og e.t.v. allt sumarið að einhverju marki. Göngur fiska úr sjó eru betur þekktar, og fara saman við almennan veiðitíma hinna ýmsu tegunda.

Skv. lax og silungsveiðilögunum er ekki heimilt að hefta för göngufiska um vatnasvæðin með þvergirðingum. Vilji menn fylgjast með fiskgöngum og nota til þess þau veiðitæki sem fjallað er um í þessu riti þarf að sækja um undanþágu til Veiðimálastjóra og Veiðimálanefndar.

## GILDRUR TIL VEIÐA Á SJÓGÖNGUSEIÐUM

Gildrur sem atlaðar eru til veiða á fiski sem er á göngu niður ár byggjast á því að sía árvatnið, og halda fiskinum eftir. Oft er miklum vandkvæðum bundið að sía árnar, vegna þess hve mikið þær bera með sér af slýi úr botninum, heyi, laufblöðum og öðru sem fýkur í þær. Þá er rennsli mjög breytilegt eins og allir kannast við. Til eru nokkrar gerðir af gildrum sem veiða gönguseiði og skal hér minnst á þrjár þeirra.

### 1. NETGILDRA (Mynd 3).

Gildran er einskonar trekt úr fínriðnu neti sem myndar V, niður á móti straumi. Trektin endar í slöngu eða barka sem flytur seiðin í fiskikassa sem er á floti fyrir neðan gildruna. Gildran hentar best í ám sem eru lygnar (lítill halli) og fremur vatnslitlar. Hún hefur þann ókost að stíflast fljótt og þarf því mikla umhirðu. Ef gildran stíflast þá rífur straumurinn hana með sér. Einnig hefur reynslan sýnt að erfitt er að festa vængina nægilega vel því straupungi á þeim er mikill. Notaðir eru kengir eða staurar sem festir eru í botninn, og með stöngum að ofan.

### 2. FALLRIST (Mynd 4 og 5).

Eins og nefnið bendir til vinnur þessi gildra þannig að áin er látin falla í fossi gegn um rist sem veiðir fiskinn. Hann spriklar niður hallandi ristina og lendir í rennu. Í rennunni er vatnsrennsli sem flytur fiskinn í kassa neðan við gildruna. Vatnið í rennuna kemur úr slöngu sem liggur upp í lónið fyrir ofan gildruna.

Eins og gefur að skilja er nauðsynlegt að fall sé í þeirri á sem gildran er sett í. Hún er því ónothæf þar sem lygnt er. Sé ekki foss í ánni sem nota má beint, verður að búa til uppistöðulón með fyrirstöðu.



Sé haft op á fyrirstöðunni niður við botn, kemst fiskur sem er á leið upp ána í gegn. Ef fylgjast þarf með slíkri göngu má koma fyrir kistu ofan við opið.




3. SKÁGILDRA (Mynd 6).

Þessi tegund er gerð fyrir lygnar ár þar sem halli á landi er mjög lítil. Auðvelt er að útbúa gildruna þannig að hún veiði í báðar áttir, fisk á leið niður og fisk á leið upp ána. Svona gildra hefur ekki verið reynd hér á landi, en hugmyndin er snjöll og gildran er einföld bæði í sniðum og uppsetningu, svo gera má ráð fyrir að hún eigi framtíð fyrir sér. Best væri að geta steipt undirstöður úr varanlegu efni, en það er sennilega vandkvæðum bundið, vegna þess að lygnar ár hafa yfirleitt mjúkan botn. Þó mætti hugsa sér að steypa einskonar sökkul undir hana og reka hann niður í mjúkan botninn. Grindina má gera á svipaðan hátt, og í felliristinni, og fiskikassann úr vatnsheldum krossviði. Gildra sem þessi hefur marga kosti. Vegna þess að ekki eru þverbönd í ristinni hleypir hún slýi og grasi í gegn um sig. Mjög fljótlegt er að hreinsa hana. Hún þarf ekki mikla gæslu, því þó hún stíflist þá gerist einungis það að hún hættir að veiða. Á sama hátt, verði flóð í ánni, rífur það ekki gildruna með sér, en fer yfir hana. Mánki vatnsrennsli óeðlilega, þarf fiskurinn að veltast langa leið á ristinni og hætta er á að hann skaðist. Koma má í veg fyrir þetta með því að loka efri hluta ristarinnar með krossviðarplötu. Lengd og breidd gildrunnar fer eftir staðarháttum. Ekki er alltaf nauðsynlegt að hún nái yfir alla ána, og breidd ristarinnar fer eftir vatnsmagni. Hugsanlega má búa ristina til úr stöðluðum einingum sem skrúfaðar eru saman eftir því sem við á hverju sinni.

MYND 3: NETGILDRA






MYND 4 : FALLRIST

Séd frá hlið




Séd ofan frá




2-3 símastaurar eða sambærilegt efni

1.0 m


MYND 5 : Vinnuteikning af fallrist



1.5 m






4 x 20 mm flatjárn eða galvaniserad rennubandajárn



Festing fyrir rennu



MYND 6 : SKÁGILDRA



Gildirur til veiða á fullorðnum göngufiski.

Fisk sem gengur móti straumi má fanga á marga vegu, t.d. er auðvelt að breyta fiskstigum þannig að þeir veiði, í stað þess að fiskur komist óhindraður í gegn. Yfirleitt verður þó að setja niður sérstakan útbúnað, og verður hér sagt frá tveimur tegundum af veiðarfærum sem bæði vinna á sama hátt, en eru mismunandi að gerð. Kistu til notkunar í vatnsmiklum ám og bogagildru til notkunar í lækjum og smáám.

Kista (Mynd 7 ).


Flestir eru kunnugir laxakistum og ætti ekki að þurfa að hafa mörg orð um gerð hennar. Sjálf kistan er efnismikill kassi með rimlavegg móti straumi og trekt hinum megin þar sem fiskurinn gengur inn. Að öðru leyti eru veggir heilir og lok er á henni að ofan. Til hliðar eru ristar, sem ýmist liggja þvert á straum, eða skáhallt undan straumi eftir aðstæðum. Ekki er alltaf nauðsynlegt að hafa þessar ristar, t.d. þar sem fiskur gengur um þrönga rennu.

Bogagildra (Mynd 8 ).


Þessi gildra hefur reynst mjög vel í litlum ám. Hún er gerð úr fínriðnu neti sem strengt er á boga. Best er að hafa möskvann eins stóran og hægt er, án þess þó að hann sleppi í gegn þeim fiski sem veiða á. Í opið á trektinni sem liggur inn í fiskihólfið eru fest fjögur bönd, og liggja endarnir í gegn um op sem er efst á hólfinu, svo hægt sé að tæma gildruna. Tæmingaropin er lokað með 6-8 mm tói, og trektin er strekkt passlega um leið, og hnýtt er fyrir opið. Op trektarinnar leggst alveg saman, en fiskurinn getur troðið sér í gegn. Tóið í enda gildrunnar er sett fast í hæl á árbakkanum. Vængina verður að festa vel niður í botninn með U-laga kengjum. Gildran þarf reglulegt eftirlit því hún safnar í sig reki. Best er að staðsetja hana neðst í lygnum hyl, þannig að straumur sé mestur við inngönguopið, en fiskihólfið sé á dýpra og lygnara vatni. Þessar gildirur eru mjög ódýrar og einfalt er að búa þær til.

MYND 7 : LAXAKISTA





Séd að ofan



Séd frá hlið



MYND 8: BOGAGILDRA



Bogar úr 6 mm tein,  
mál eru í cm